

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 285/2017 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 um skrá yfir þriðju lönd, hluta þriðju landa og yfirráðasvæði þaðan sem aðildarríkin skulu heimila aðflutning til Sambandsins á tilteknum afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis og um að mæla fyrir um kröfur um vottorð.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi:

3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/731 frá 25. apríl 2017 um breytingu á fyrirmyndum að heilbrigðisvottorðum BOV-X, BOV og OVI fyrir dýr og dýraafurðir, sem settar eru fram í I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, fyrirmyndum að vottorðum GEL, COL, RCG og TCG, sem settar eru fram í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759, og fyrirmynd að vottorði fyrir samsettar afurðir, sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 28/2012, í tengslum við reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi svampheilakvilla.

2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð nr. 907/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir, sbr. 6. breytingu á þeirri reglugerð nr. 86/2018.

3. gr.

Reglugerðin er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. janúar 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.